



Áfram Árneshreppur!

Ársskýrsla 2020

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Meginniðurstöður	3
Markmið og tilgangur verkefnis í Brotthættum byggðum	3
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn	3
Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat	4
Yfirlit yfir styrkt verkefni	6
Hótel Djúpavík – Baskasetur	6
Hótel Djúpavík – Escape Room	6
Hótel Djúpavík – The Factory	6
Hótel Djúpavík - Uppfærsla á sögusýningu	6
Hótel Djúpavík - Sleðaferðir á Ströndum	7
Verzlunarfjelað Arneshrepps – kaffiaðstaða	7
Urðartindur - Snyrtiaðstaða á tjaldstæði	7
Umf. Leifur heppni – Krossneslaug	7
Kristjana María Svarfdal Ásbjörnsdóttir – Jógasetur á Renniverkstæðinu	7
Djúpavíkúrhús	7
Stapi ehf - Jarðfræðilega áhugaverðir staðir	7
Elsa Rut Jóhannudóttir - Ullarvinnsla	7
Ferðamálasamtök Arneshrepps - Markaðs- og kynningarstarf	7
Fundir	7
Hugleiðingar verkefnisstjóra	8

Inngangur

Árneshreppur var tekinn inn í verkefnið Brothættar byggðir árið 2018. Haldið var tveggja daga íbúáþing 12. og 13. júní 2017 og var þar samþykkt að sveitarfélagið yrði þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir frá og með áramótum 2017/18. Á íbúáþinginu voru sett markmið og gerð áætlun um fyrstu skref. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn hafa unnið eftir þeirri markmiðasetningu í höfuðdráttum en einnig hefur verið brugðist við aðstæðum sem upp hafa komið jafnóðum. Íbúum hefur fækkað jafnt og þétt í Árneshreppi. Íbúafjöldinn varð mestur á stríðsárunum, þá bjuggu á sjötta hundrað í hreppnum, en nú eru þar aðeins 40 manns með lögheimili m.v. 1 desember sl.

Meginniðurstöður

Á íbúafundi um stöðu verkefnisins 2020 var samþykkt veruleg áherslubreyting. Í henni fólst að verkefnisstjórn skyldi einbeita sér að því að styrkja innviði í sveitarfélaginu, samgöngumálum, orkumálum og fjarskiptamálum. Einnig þyrfti að vinna að styrkingu sjávarútvegs og auðvelda nýliðun í landbúnaði. Önnur mál væru í raun aukaatriði. Eftir þessari samþykkt hefur verkefnisstjórn unnið síðan.

Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Sérstaða verkefnisins er m.a. fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Undirmerkið Brothættra byggða eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlög.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.

Svo sem sjá má á undirmerkiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúana sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum

hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Áfram Árneshreppur er staðan vísuð hjá Vestfjarðarstofu. Verkefnisstjórn verkefnisins Áfram Árneshreppur skipuðu árið 2020

- Arinbjörn Bernharðsson, fulltrúi íbúa, formaður.
- Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Eva Pandora Baldursdóttir/Helga Harðardóttir, Byggðastofnun
- Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun
- Kristmundur Kristmundsson, fulltrúi íbúa
- Linda Guðmundsdóttir, fulltrúi íbúa.
- Lína Björg Tryggvadóttir, Vestfjarðastofa

Verkefnisstjórn hefur stutt vel við störf verkefnisstjóri og hefur samstarfið verið með miklum ágætum.

Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags – stöðumat

Nokkuð hefur verið sveigt frá mörgum þáttum í upphaflegri markmiðasetningu í samræmi við ákvörðun íbúafundar 2020. Það skýrir minni framgang en ella væri í mörgum þeirra mála sem voru á upphaflegu markmiðáætluninni.

Meginmarkmið 1 - Traustur landbúnaður og sjávarútvegur						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Nýliðun í landbúnaði						Í vinnslu er greinargerð með tillögum til landbúnaðarráðherra sem verður lögð fram með samþykki Landssamtaka sauðfjárbænda.
Styrking sauðfjárræktar						Í greinargerð til landbúnaðarráðherra er lögð áhersla á nýliðun.
Veiðiheilmildir út frá sérstöðu sveitarfélagsins						Í vinnslu er greinargerð til sjávarútvegsráðherra með tillögum um nýja tilhögun í úthlutun kvóta.
Auka framlegð strandveiða til samfélagsins						Vandséð er hvernig hægt er að auka framlegð þeirra strandveiðisjómana sem róa frá Norðurfjarðarhöfn.
Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eft						Nokkur verkefni eru í farvatninu sem fela í sér nýsköpun, m.a. húsasmíði, jóga, afþreyingu og íþróttaaðstöðu.
Meginmarkmið 2 - Einstakt menningarlandslag og náttúra						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Bæta innviði fyrir ferðapjónustuna						Stofnuð hafa verið Ferðamálasamtök Árneshrepps. Þau fóru í markaðssetningarátak heppnaðist vel.
Merking handverks og iðnaðar						Verkefnið hlaut lítinn hljómgrunn, hefur lítið verið fylgt eftir. Svipað verkefni er í gangi í Strandabyggð þar sem gert er ráð fyrir sameiginlegum merkingum fyrir allar Strandir.
Þróun minjagripa						Verkefnið hlaut ekki hljómgrunn og hefur lítið verið fylgt eftir.

Efling ferðapjónustu						Stofnuð voru Ferðamálasamtök Árneshrepps sem hafa staðið fyrir markaðssetningarátaki og fyrirtæki í ferðapjónustu hafa hlotið styrki til nýsköpunar og fjölgunar afþreyingarmöguleika.
Endurgera fuglaskoðunar- og útsýnisstað						Þetta verkefni hefur ekki náð flugi.
Gera fornar minjar sýnilegri						Efnt var til samstarfs við Minjastofnun um verkefni í Kúvíkum. Talsverðar rannsóknir og kortlagning hafa farið fram.
Merkingar og aðstaða við höfnina í Norðurfirði						Sótt var um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Styrkur fékkst í mars 2021 og verður farið í framkvæmdir vorið 2021.
Hitaveita í Norðurfirði						Styrkur fékkst frá Orkusetri til að dæluþróa borholuna og stofna félag um hitaveituna.
Umhverfi gámasvæðis verði bætt						Farið var í heimsókn til allra íbúa í Árneshreppi og sormál rædd.
Meginmarkmið 3 - Öflugir innviðir						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Hærri fastur afsláttur af fargjöldum						Skoska leiðin er komin á, en í drögum að greinargerð til samgönguráðherra er lagt til að enn lengra verði gengið.
Bæta samskipti við Vegagerðina						Lítið um svör frá Vegagerðinni.
Vegagerð yfir Veiðileysuháls						Vonir standa til þess að framkvæmdir verði boðnar út haustið 2022.
Bæta vetrarþjónustu á vegum						Styrkur fékkst til að sinna snjómokstri. Í greinargerð til samgönguráðherra er farið fram á að G-reglu verði breytt í F-reglu.
Hefja umræðu um jarðgöng úr Reykjarfirði						Eftir því sem hillir undir að heilsársvegur verði lagður yfir Veiðileysuháls verður nærtækara að krefjast áframhaldandi vegabóta. Erfitt er að leggja mat á
Samstarf við Orkustofnun um smávirkjanir						Efnt hefur verið til samtals við Orkustofnun. Líkur eru á því að framkvæmdir hefjist við að a.m.k. eina smávirkjun í Árneshreppi á árinu 2021.
Skólastarfi í Finnbogastaðaskóla						Nokkur námskeið hafa verið haldin í Finnbogastaðaskóla.
Betri og jafnari þjónusta læknis						Rætt var við Heilbrigðisstofnun Vesturlands sem óskaði eftir skýrari beiðni, hvað væri verið að biðja um.
Fjarþjónusta á sviði heilsugæslu						Rætt við Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Lagning ljósleiðara						Umsókn var send í Ísland ljóstengt. Undirbúningsstyrkur fékkst til að vinna ítarlegri umsókn vorið 2021.
Verslun í Norðurfirði						Verzlunarfjelag Árneshrepps stofnað 2019. Verslun rekin í Norðurfirði.
Meginmarkmið 4 - Samheldið samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Plastpokalaus Árneshreppur						Fyrirtæki í Árneshreppi eru hætt að nota plastpoka.
Hreinsun fjara						Átak í hreinsun fjara við Finnbogastaði 2019. Einkaaðilar hafa líka tekið þetta verkefni upp með aðstoð sjálfbóðaliðasamtaka.
Fræðslu- eða tómstundanámskeið						Erfitt að koma í kring vegna fólksfæðar.
Húsnæðisþörf verði metin						Verið er að kanna möguleika á því hvaða húsnæði er í boði fyrir stafræna flakkara eða störf án staðsetningar.
Kanna möguleika á aðkomu gesta/ferðafólks að göngum						Lítill áhugi hjá bændum, talið að óvanir þurfi það mikla verkstjórn að ekki svari kostnaði.

Yfirlit yfir styrkt verkefni

Veitt voru styrkvilyrði til 13 verkefna úr Frumkvæðissjóði, en tvö þeirra fengu einnig styrk úr Öndvegissjóði.

Alls var úthlutað 14.890.000 kr. úr Frumkvæðissjóði. Verkefnin sem hlutu styrk úr Öndvegissjóði hlutu samtals 11.600.000 kr.

Af 13 styrkþegum eru 3 kvk en 10 kk.

Hótel Djúpavík – Baskasetur

Verkefnið fékk 2.500.000 kr. frumkvæðisstyrk úr til hönnunar og undirbúnings á menningar- og sögutengdri sýningu. Verkefnið er í fullum gangi og ráðinn hefur verinn hönnuður til verksins. Verkefnið fékk einnig 1.600.000 kr. styrk úr Öndvegissjóði til að vinna umsókn úr Evrópskum sjóðum. Verkefnið er á byrjunarreit og vonir standa til þess að samningar takist á næstu vikum.

Hótel Djúpavík – Escape Room

Verkefnið fékk 1.000.000 kr. frumkvæðisstyrk til hönnunar og undirbúnings á afþreyingarmöguleika.

Hótel Djúpavík – The Factory

Verkefnið hlaut 500.000 kr. frumkvæðisstyrk til uppsetningar á myndlistarsýningu. Verkefninu er lokið, heppnaðist mjög vel og styrkurinn er að fullu greiddur.

Hótel Djúpavík - Uppfærsla á sögusýningu

Verkefnið hlaut 500.000 kr. frumkvæðisstyrk til endurbóta á menningar- og sögutengdri sýningu. Verkefnið er í fullum gangi og því lýkur vorið 2021.

Hótel Djúpavík - Sleðaferðir á Ströndum

Verkefnið hlaut 600.000 kr. frumkvæðisstyrk til kaupa á öryggisbúnaði, með því skilyrði að búnaðurinn verði einnig aðgengilegur björgunarsveitinni. Verkefnið er í fullum gangi og beðið er tilboða í nýja kynslóð fjarskiptabúnaðar.

Verzlunarfjelag Árneshrepps – kaffiaðstaða

Verkefnið hlaut 380.000 kr. frumkvæðisstyrk til endurbóta á kaffiaðstöðu. Verkefninu er lokið og heppnaðist mjög vel, enda þjónar verslunin að stórum hluta sem samfélagsmiðstöð sveitarfélagsins. Styrkinn er að fullu greiddur.

Urðartindur - Snyrtiaðstaða á tjaldstæði

Verkefnið hlaut 900.000 kr. frumkvæðisstyrk til að koma upp snyrtiaðstöðu við tjaldstæði. Verkefninu er lokið og heppnaðist mjög vel. Styrkurinn er að fullu greiddur.

Umf. Leifur heppni – Krossneslaug

Verkefnið hlaut hæsta styrkinn árið 2020, 3.880.000 kr. til endurbóta og aðgengismála við sundlaugina í Krossnesi. Sá hluti verkefnisins sem sótt var um fjármagn til er lokið og stefnt er að því að framkvæmdum verði lokið í byrjun sumars.

Verkefnið hlaut einnig 10.000.000 kr. öndvegisstyrk.

Kristjana María Svarfdal Ásbjörnsdóttir – Jógasetur á Renniverkstæðinu

Verkefnið hlaut 1.500.000 kr. styrk til undirbúnings opunar Jógaseturs í heillandi rými í Djúpavík. Verkefnið er í fullum gangi og er unnið eftir því sem veður, færð og aðstæður leyfa.

Djúpavíkurhús

Verkefnið hlaut 800.000 kr. frumkvæðisstyrk til að hefja rekstur fyrirtækis um smáhýsi. Verkefnið er í fullum gangi og verið að undirbúa starfið sumarið 2021.

Stapi ehf - Jarðfræðilega áhugaverðir staðir

Verkefnið hlaut 800.00 kr. frumkvæðisstyrk til að kortleggja og vinna upplýsingar um jarðfræði Árneshrepps. Verkefninu er að mestu lokið.

Elsa Rut Jóhönnudóttir - Ullarvinnsla

Verkefnið hlaut 130.000 kr. frumkvæðisstyrk til að tækjakaupa í ullarvinnslu. Verkefninu er lokið.

Ferðamálasamtök Árneshrepps - Markaðs- og kynningarstarf

Verkefnið hlaut 1.400.000 kr. frumkvæðisstyrk til kynningarmála. Verkefnið er í fullum gangi. Farið var í kynningarátak fyrir Árneshrepps sem heppnaðist með ágætum og verið er að skipuleggja áframhaldandi vinnu að verkefninu.

Fundir

Verkefnisstjórn hélt 6 fundi á árinu, 26. febrúar, 16. apríl, 29. maí, 14. ágúst, 8. september og 7. desember. Auk þess fundaði úthlutunarnefnd styrkveitinga Áfram Árneshrepps tvisvar, 20. apríl og 26. apríl, en formleg úthlutun fór fram í Árneshreppi 24. júní.

Íbúafundur var haldinn í félagsheimilinu í Trékyllisvík 17. ágúst. Allgóð þátttaka var á honum og fundarmenn sammála um að greina hismið frá kjarnanum, einbeita sér að því sem raunverulega skipti máli.

Auk þeirra hafa verið haldnir mánaðarlegir fundir með öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða.

Hugleiðingar verkefnisstjóra

Fjöldi þeirra sem eiga lögheimili í hreppnum hefur nokkurn veginn staðið í stað en þeim sem eiga þar búsetu allt árið fækkar smám saman.

Sauðfjárbúskapur er kjölfestan í heilsársbúsetu í Árneshreppi. Það þarf að auðvelda nýliðun í sauðfjárrækt og gera hann fýsilegri með veiðiheimildum fyrir þá sem vilja stunda útgerð með búskapnum eins og gert hefur verið frá landnámi.

Ferðaþjónusta í Árneshreppi hefur verið að aukast og getur aukist enn með fjölgun gistirýma og afþreyingarmöguleika.

Möguleikar eru á því að nýta húsnæði sem stendur autt fyrir stafræna flakkara og aðra sem geta unnið störf án staðsetningar. Í þessu er fólgin fljótlegasta leiðin til að snúa fólksfækkun við. Til að þetta geti blómstrað þarf að tryggja hnökralaus netsamskipti með ljósleiðara. Fólk sem hefur valið slík störf hefur verið boðið velkomið og því standa til boða ýmis störf, t.d. aðstoð við búskap og umönnunarstörf.

Það er áriðandi að fjármagn til styrkveitinga í Brothættum byggðum.

Til að verkefnið fái aukið vægi þarf það að byggðarlag sé tekið inn í Brothættar byggðir að fá einhverskonar stjórnsýslulegan status þvert á ráðuneyti. Þannig mætti hugsa sér að ef tvö verkefni væru lögð að jöfnu hefði það verkefni forgang sem væri í Brothættum byggðum.

Hólmavík, 9.3.2021

Skúli Gautason, verkefnisstjóri